

8. gr.

Umsóknir um greiðslu fæðingarorlofs skulu ritaðar á eyðublöð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til. Skulu eyðublöð þessi vera fyrir hendi hjá ráðuneytinu, Tryggingastofnun ríkisins og umboðsmönnum hennar, svo og hjá öllum úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta.

9. gr.

Nú hefur kona störf að nýju áður en lokið er því tímabili sem hún á rétt til greiðslu orlofsfjár samkvæmt reglugerð þessari, og stýttist þá 90 bótadaga orlofs-tíminn sem nemur þeim tíma, er hún vinnur, þó ekki meira en 5 daga fyrir hverja vinnuviku. Ekki skerðist réttur hennar til greiðslu skv. 4. gr. reglugerðar nr. 105/1974 um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, þar sem það á við. Ekki getur kona notið samtímis fæðingarorlofsgreiðslu og almennra atvinnuleysisbóta.

10. gr.

Ekki má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt reglugerð þessari né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 56 27. maí 1975, staðfestist hér með til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 39.36 fyrir hvern rúmmetra vatns, eða samkvæmt magnhemli kr. 862.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði.

- a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 341.10
 b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" — 765.30
 c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri — 1 530.50

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælís-álestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál) m³ Heimæðagjald

Allt að 400 109 310.00 kr.

400 — 2000 109 310.00 — fyrir 400 m³ + 87.50 kr./m³ þar yfir

2000 — 6000 249 230.00 — — 2000 — + 74.50 — — —

6000 — 10000 546 557.00 — — 6000 — + 65.70 — — —

Meira en 10000 808 906.00 — — 10000 — + 57.00 — — —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 13 118.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað að lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 588.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlita tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 91 28. febrúar 1975.

Íðnaðarráðuneytið, 22. janúar 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ**um lágmarksstærðir fisktegunda.**

1. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Porskur (<i>Gadus morhua morhua</i>)	50 cm
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	45 —
Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	50 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	34 —
Langlúra (<i>Gyptocephalus cynoglossus</i>)	30 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	30 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Psetta maxima</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Psetta psetta</i>)	30 —
Stórkjafta (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	30 —
Lýsa (<i>Merlangius merlangus merlangus</i>)	40 —
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	20 —
Steinbítur (<i>Anarhichas lupus</i>)	40 —
Karfi (<i>Seliastes marinus</i>)	500 gr.

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 10% af þorsk-, ýsu- og ufsaafla hverrar veiðiferðar vera undir ofangreindum lágmarksstærðum, þó má ekki landa þorski undir 43 cm, ýsu undir 40 cm eða ufsa undir 45 cm. Ennfremur má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr að